

Mánudaginn 22. janúar 1940.

Nr. 111/1938. **Guðmundur Pétursson**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Eigendum og váttryggjendum e/s

„Stabil“ og gagnsök

(Pétur Magnússon).

Bætur fyrir tjón af árekstri skipa.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Guðmundur Hannesson bæjarfógeti með meðdómendum Jóni Jóhannessyni skipstjóra og Guðmundi Björnssyni vélsmið.

Aðaláfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi þann 8. okt. 1938 hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. nóv. s. á., hefir krafizt þess, *aðallega* að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða honum kr. 15163.57 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1936 til greiðsludags, en *til vara*, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum hluta af fjárhæð þessari í því hlutfalli, er dómurinn metur. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Loks krefst hann sér dæmdan sjóvæðrétt í e/s „Stabil“ R 115 S frá Stavanger til tryggingar framannefndum upphæðum.

Gagnáfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi þann 12. jan. 1939 hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 8. febr. s. á., krefjast þess, *aðallega* að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að bótakrafa aðaláfrýjanda verði lækkuð og að þeim verði dæmt að greiða hluta af henni í því hlutfalli, er dómurinn metur, en til *prauta-*

vara, að ákvörðun héraðsdóms um kröfuna og skiptingu hennar milli aðilja verði staðfest. Loks krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Að kvöldi fimmtudagsins 12. sept. 1935 lögðust skipin e/s „Stabil“ og v/b „Liv“ á Siglufjarðarhöfn. Lagðist e/s „Stabil“ á 5 faðma dýpi við bakborðsakkeri og 45 faðma keðju, en v/b „Liv“ lagðist nokkru grynnra, einnig við bakborðsakkeri og við 37 faðma keðju. Virðist e/s „Stabil“ hafa verið lagzt þar, þegar vélbáturinn kom. Norðaustan stormur var. Lagðist vélbáturinn aftur af eimskipinu, og hlaut það eftir vindstöðunni að færast að eða á bátinn, ef svo færi, að akkerið héldi því ekki. Eigi er því haldið fram, að vélbátnum hafi verið lagt svo nærri eimskipinu, að aðfinningum sæti. Að morgni þess 13. september var kominn rokstormur af sömu átt. Tók e/s „Stabil“ þá að reka og virðist skjótt hafa tekið að höggva á stefni bátsins. Verður ekki séð, að skipverjar á eimskipinu hafi aðhafzt nokkuð til þess að afstýra árekstri fyrr en einn af skipverjum á bátnum kallaði yfir til manns, sem var á þilfari, og sagði, að þeir yrðu að „gaa forover“, ef þeir gætu, því að skipin væru tekin að rekast á. Skipstjórinn á v/b „Liv“ lét þá gefa út meira af keðju, en hún slitnaði í þeim svifum, og rak þá bátinn ört að landi, því að stórviðri var á, og upp á land að lokum.

Skipverji sá á e/s „Stabil“, sem kallað var til, virðist þegar hafa gert skipstjóra viðvart um það, hvernig komið var. Eftir skýrslu vélstjóra var þá tekið að hita upp vélina, en gagn varð ekki að því, því að þegar tilraun var gerð til þess að neyta vélarinnar, reyndist keðjan frá vélbátnum hafa farið í

skrúfu skipsins. Virðist keðjan hafa farið þannig, meðan verið var að láta hana út, af því hvað eimskipið var komið nærri bátnum, og slitnað í þeim svifum og af þeim átökum, er þá virðast hafa orðið.

Það tvennt, að stjórnarmenn e/s „Stabil“ virðast ekki hafa hafizt handa fyrr en um seinan til þess að afstýra árekstri og að vél skipsins var ekki tiltækileg fyrirvaralaust, virðist fella þeim á hendur ríka sök á árekstrinum og þar með á strandi v/b „Liv“.

Í flutningi málsins fyrir hæstarétti er stjórnendum v/b „Liv“ og eiganda fundið það til saka, að vélin í bátnum hafi ekki verið tiltækileg fyrirvaralaust og að keðja bátsins, sú er úti var og út var látin, hafi verið óstyrkari en vera ber. Um síðara atriðið er þess að geta, að ekki verður staðhæft, að óstyrkleiki keðjunnar hafi með nokkrum hætti átt þátt í slysinu, enda er ekkert komið fram um það, að akkeri vélbátsins hafi ekki haldið honum, þangað til keðjan slitnaði með þeim atvikum, sem virðast hafa valdið því óhappi og áður er getið. Um fyrra atriðið virðist það fram komið, að vélin í bátnum var ekki heldur tiltækileg fyrirvaralaust, eins og átt hefði að vera, því að í því veðri, sem var, mátti gera ráð fyrir því, að nauðsyn kynni að verða á því að neyta hennar þegar í stað. Að þessu leyti virðast stjórnarmenn v/b „Liv“ einnig hafa fellt sér á hendur nokkra sök á slysinu.

Með skirskotun til þess, sem að framan er mælt, þykir rétt að skipta tjóni því, er í máli þessu kemur til greina, þannig, að aðaláfrýjandi beri fjórðung þess, en gagnáfrýjendur þrjá fjórðu hluta.

Krafa aðaláfrýjanda er, sem fyrr segir, kr. 15163,57. Þar af er þessum liðum mótmælt:

1. Kr. 170.00, sem er ferðakostnaður aðaláfrýjanda til Siglufjarðar til að gæta hagsmuna sinna vegna strands v/b „Liv“. Ekki þykir óeðlilegt, að hann færi þessa ferð. Ekki er því haldið fram, að upphæðin sé of há, og þykir því rétt að taka liðinn til greina.

2. Kr. 80.00 fyrir spjöll á trossum, tilheyrandi v/b „Liv“. Þær eru sagðar hafa verið notaðar við björgun bátsins og hafa þá skemmzt. Krafan er ekki talin of há, og þykir því einnig rétt að taka liðinn til greina.

3. Kr. 200.00, þóknun til lögfræðings. Af ástæðum þeim, er í héraðsdómi segir, þykir rétt að færa lið þenna niður um kr. 140.00, eins og þar er gert.

4. Kr. 146.00, skemmdir á bát og kostnaður af mati á þeim. Þenna lið þykir rétt að fella niður af sömu ástæðum sem í héraðsdómi greinir.

5. Kr. 5000.00, björgunarlaun v/b „Liv“. Eftir því sem fram er komið, virðist björgun bátsins hvorki hafa verið hættu né sérstökum erfiðleikum bundin. Verðmæti þess, sem úr hættu var bjargað, virðist hafa verið nálægt kr. 25000.00. Björgunarlaunin voru greidd eftir samkomulagi, en gagnáfrýjendur eru ekki þar við bundnir og eigi skyldir til að taka þátt í greiðslu hærri björgunarlauna en metin eru hæfileg með dómi. Þegar til þessarar björgunar kemur, virðast kr. 4000.00 eigi vera of lág laun, og þykir því rétt að færa lið þenna niður um kr. 1000.00.

6. Kr. 5000.00, aflatjón áætlað. Þótt staðhæfing aðaláfrýjanda um það, að hann hafi ætlað að halda vélbátnum úti haustið 1935 á síldveiðar fyrir Suðurlandi og í Faxaflóa, sé lögð til grundvallar, verður áætlun hans um 5000.00 króna hreinagóða þar af

ekki talin áreiðanleg. Eftir því sem í málinu er komið fram um hagnað af slíkri útgerð, þykir mega áætla þessar bætur kr. 1000.00. Lið þenna verður því að færa niður um kr. 4000.00.

Samkvæmt framansögðu verður bótaskrafa sú, er til greina kemur í máli þessu, kr. $15163.57 \div$ (kr. $140.00 +$ kr. $146.00 +$ kr. $1000.00 +$ kr. 4000.00) $=$ kr. 9877.57. Þar af ber gagnáfrýjendum að greiða þrjá fjórðu hluta, eða kr. 7408.18 með vöxtum, eins og krafist er.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað þykir mega staðfesta. Í málskostnað fyrir hæstarétti þykir rétt að dæma gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjanda 600 krónur.

Til tryggingar upphæðum þeim, er gagnáfrýjendum ber að greiða aðaláfrýjanda samkvæmt framan-skráðu, skal aðaláfrýjandi hafa sjóveðrétt í e/s „Stabil“ R 115 S frá Stavanger.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjendur, eigendur og váttryggjendur e/s „Stabil“ R 115 S frá Stavanger, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Péturssyni, kr. 7408.18 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1936 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað. Í málskostnað fyrir hæstarétti greiði gagnáfrýjendur aðaláfrýjanda 600 krónur.

Aðaláfrýjandi hefir sjóveðrétt í ofan nefndu eimskipi til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómnum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjódóms Siglufjarðar 10. jan. 1938.

Með stefnu, dags. 11. sept. 1936, krefst stefnandi, Guðmundur Pétursson, útgerðarmaður, Akureyri, að stefndur Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Siglufirði, f. h. skipstjóra Kristians Wingers vegna eigenda og vátryggjenda e/s „Stabil“ R. 115. S. frá Stavanger verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 15163.57 með 5% vöxtum frá 11. sept. 1936 fyrir skemmdir, er e/s „Stabil“ olli skipi stefnanda v/s „Liv“, sem strandaði af völdum e/s „Stabil“, fyrir tjóni, er það strand olli, kostnað við að ná skipinu út og gera við það og fyrir aflatjón, meðan á því stóð. Þá krefst og stefnandi greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, sem í málflutningnum er krafizt með kr. 786.76 samkv. sundurliðuðum reikningi, og sjóveðs í e/s „Stabil“ fyrir kröfum sínum.

Stefndur krefst sýknunar og málskostnaðar:

Málavextir eru þessir:

13. september 1935, að kveldi, lágu bæði skipin e/s „Stabil“ og v/s „Liv“ fyrir akkerum á Siglufjarðarlhöfn, „Stabil“ dýpra, en v/s „Liv“ grynna. Var um skipslengd skips eins og „Stabils“ á milli skipanna, en að því er ráða má af málflutningnum, virðist „Liv“ hafa lagzt síðar. Morguninn eftir var komið ofsarok, og kl. 8—9 um morguninn fór „Stabil“ að reka og rak loks á „Liv“ og heggur á stefni þess. Skipstjórinn á „Liv“ lét þá gefa út keðju skipsins til þess að reyna að forðast árekstur, en í því slitnaði keðja skipsins „Liv“, svo að það rak upp í fjörur Siglufjarðarhafnar og strandaði þar, en varðskipið „Óðinn“ var fengið til þess að draga v/s „Liv“ aftur á flot, og kostaði það 5000.00 kr., sem stefnandi hefir greitt, og er sú upphæð hluti úr dómkröfunni. Við strandið laskaðist „Liv“ og varð að draga skipið til Akureyrar og koma því þar í „slipp“ til aðgerðar, og kostaði sú viðgerð kr. 3350.00 auk flutningskostnaðar, og er hvorttveggja innifalið í dómkröfunni.

Stefnandi krefst og bóta fyrir aflatjón með kr. 5000.00, og er sú upphæð innifalin í áðurnefndri dómkröfu.

Stefndur heldur því fram, að skipstjórinn á e/s „Stabil“ eigi ekki sök á árekstrinum á v/s „Liv“ og því siður á strandi vélskipsins. Hafi e/s „Stabil“ að visu rekið á v/b „Liv“, en það hafi verið fyrir ofsarok, sem sé óviðráðan-

leg atvik. Hinsvegar hafi skipstjórinn á v/s „Liv“ með því að leggjast ekki fjær „Stabil“ en lengd „Stabils“ og því að gefa út það af skipskeðju sinni, sem var ekki nema 13 mm gild, þótt „Liv“ hefði lögmælt lengd lögmæltrar gildirar skipskeðju, sem fyrir skip sem „Liv“, yfir 50 smál., sé 19—22 mm gildleiki. Hafi þessi mjóa viðbótarkeðja slitnað, af því að hún var ekki eins gild og lög áskilja, og óvist, að hún hefði slitnað eða öllu heldur ekki slitnað (svo), ef aðeins það af keðjunni, sem hafði lögmæltan gildleika, hefði verið gefið út. Þá hefði v/s „Liv“ ekki strandað, ef keðjan hefði ekki slitnað.

Það er nú rétt, að nokkuð af keðju v/s „Liv“, sem út var gefið, hafði ekki lögmætan gildleika og að telja verður sannað í málinu, að það er þessi hluti keðjunnar, sem slitnar, og verður að telja slíkt sök hjá skipstjóranum á v/s „Liv“. Hinsvegar er skipstjórinn á e/s „Stabil“ í ekki minni sök, að hafa ekki „uppi gufu“ á skipinu, einkum er hann sá, hve nærri honum skip eins og v/s „Liv“ var, og veður tók að versna. Með því tók hann á sig áhættu á, að skip hans ræki á v/s „Liv“. Að visu var eins ástatt með „Liv“, að þar var vél ekki í gangi, en úr því að „Liv“ rak ekki á annað skip, kemur það ekki eins til álita í þessu máli. Þótt segja meg, að ef „Liv“ hefði haft vél í gangi, hefði það aldrei strandað, verður þá að telja, að skipstjóranum á „Liv“ bar ekki að gera ráð fyrir, að „Stabil“ rækist á „Liv“ og að „Stabil“ hefði ekki vél í gangi. Að visu telur skipstjórinn á Stabil, að þegar hafi rekið nokkuð, hafi það haft vél í gangi, en hann ekki þorað að láta spaða skipsins hreyfast vegna þess, að akkeri skipsins „Liv“ hafi verið flækt utan um spaðana á „Stabil“, en það getur ekki hafa verið, áður en „Stabil“ fór að reka eða um leið og „Stabil“ byrjaði að reka. En það, að „Stabil“ rakst á „Liv“, er aftur á móti orsök þess, að „Liv“ strandar.

Af því, sem nú hefir verið sagt, verður að telja, að bæði skipstjórinn á „Stabil“ og skipstjórinn á „Liv“ eigi sök á því, að „Liv“ strandaði og þar sem atvik liggja þannig, að eigi verður byggð á þeim skipting skaðabótanna í ákveðin hlutföll, ber skipstjóranum á „Stabil“ og skipstjóranum á „Liv“ að bæta tjónið að hálfu hvor.

Er þá að finna út það tjón, er bæta ber.

Af dómkröfum stefnanda hefir stefndur fyrst og fremst mótmælt björgunarlaununum til varðskipsins „Óðinn“ fyrir að draga „Liv“ út og koma því aftur á flot, kr. 5000.00, sem hann hefir mótmælt sem of háum. Á þetta verður eigi fallizt. Þau verða eftir atvikum að teljast eigi óhæfilegt.

Þá hefir stefndur sérstaklega mótmælt kr. 170.00, kostnaði við ferð eiganda skipsins „Liv“ til Siglufjarðar til þess að gæta hagsmuna sinna þar. Virðist slíkt ekki óeðlilegt og því ekki hægt að taka slík mótmæli til greina.

80 kr. fyrir skemmdir á trossum v/s „Liv“, sem er mótmælt, verður að taka til greina þrátt fyrir mótmælin.

Þá hefir stefndur af 200 kr. kröfu frá málflutningsmanni stefnanda til stefnda og sem (svo) tekin er upp í dómkröfuna mótmælt kr. 140.00 sem það herra (svo) en lágmarkstaxti málflutningsmannafélags Íslands greinir og þar sem á reikningnum, þar sem krafan er framsett, er ekki tilfært nema „mót í sjórétti og lögfræðileg aðstoð í sambandi við strand v/s „Liv“, en hann flytur mál þetta fyrir stefnanda og reiknar sér þar full málflutningslaun, virðist hann aðeins geta fengið venjulegt kaup fyrir að mæta við sjóprófin, en ekkert fyrir lögfræðilega aðstoð, og ber því að taka mótmælin til greina og lækka þann lið um kr. 140.00. Þá verður samkv. kröfu stefnds að lækka dómkröfuna enn fremur um kr. 146.00, kr. 126.00 fyrir skemmdir á v/b „Baldvini Þorvaldssyni“, er hann skemmdist í ferð vegna strandsins, og kr. 20.00 fyrir það mat á slíkum skemmdum ber stefnandi ekki ábyrgð, er hann fékk bátinn í för fyrir ákveðna borgun, og er því óheimilt að krefja hana af stefndum sem kostnað vegna strandsins. Þá mótmælir stefndur loks aflatjónskröfunni. Rétturinn er þeirrar skoðunar, að sanngjarnt sé að meta aflatjónið á kr. 2000.00. Samkvæmt þessu ber stefndum að greiða af dómkröfunni, sem var kr. 15163. 57, helminginn af 11877.57, eða kr. 5938.78 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1936, en vera sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Málkostnað er hæfilegt að stefndur greiði stefnanda með kr. 400.00.

Fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum tildæmist stefnanda sjóveðréttur í skipinu e/s „Stabil“ R. 115 S. frá Stavanger í Noregi og í váttryggingarupphæðum skipsins, ef um þær aðeins væri að ræða.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Siglufirði, f. h. skipstjóra Kristians Wingers vegna eigenda og váttryggjenda e/s „Stabil“ R. 115 S. frá Stavanger, greiði stefnandanum, Guðmundi Péturssyni, útgerðarmanni, Akureyri, kr. 5938.78 með 5% vöxtum frá 11. sept. 1936 og kr. 400.00 í málskostnað, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Stefnanda tildæmist og sjóveðréttur í umræddu skipi, „Stabil“ R. 115 S. frá Stavanger í Noregi, og í váttryggingarupphæð skipsins fyrir tildæmdum kröfum.

Hið ídæmda ber að greiða innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1940.

Nr. 95/1939. **Jóhannes Kristjánsson**

(Eggert Claessen)

gegn

Ingibjörgu Jóhannsdóttur

(Einar B. Guðmundsson).

Meiðyrðamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af hinum reglulega héraðsdómara Skagafjarðarsýslu, Sigurði sýslumanni Sigurðssyni.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. sept. 1939. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar af henni fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.